

**Menningar- og ferðamálnefnd Hafnarfjarðar (MOF) f.h. Hafnarfjarðarbæjar, kt. 590169-7579 og Víkingafélagið Rimmugýgur félag áhugamanna um menningu og bardagalist víkinga, kt. 700497-2409 gera með sér svofelldan:**

## **SAMNING**

um fjárstuðning Hafnarfjarðarbæjar við Víkingahátíð á Víðistaðatúni á tímabilinu 1.1.2022 – 31.12.2024

### **1. gr. Markmið**

Meginmarkmið með stuðningi Hafnarfjarðarbæjar við Víkingahátíð á Víðistaðatúni er að:

- stuðla að auknum áhuga á víkingatímabilinu og uppruna þjóðarinnar og viðhalda víkingamenningu okkar Hafnfirðinga sem á sér langa sögu en víkingahátíð hefur verið haldin í Hafnarfirði í hartnær tvo áratugi með áherslu á handverk og verkmenningu víkingasamfélagsins
- tryggja samfellu og framþróun í árvissri víkingahátíð sem hefur verið haldin í Hafnarfirði í hartnær tvo áratugi
- efla menningartengda ferðaþjónustu í Hafnarfirði

### **2. gr. Framlag Hafnarfjarðarbæjar**

Á samningstímanum leggur MOF Rimmugýgi til í beinum fjárframlögum kr.:

- kr. 700.000 árið 2022
- kr. 700.000 árið 2023
- kr. 700.000 árið 2024

Upphæðin greiðist í einni greiðslu í júní ár hvert og skulu forsvarsmenn senda löglegan reikning til Hafnarfjarðarbæjar, með skýringu „Víkingahátíð í Hafnarfirði, samstarfssamningur, (ártal)“

### **3. gr. Framlag og markmið Rimmugýgjar í Hafnarfirði**

Víkingahátíðin fer fram á Víðistaðatúni í júní ár hvert. Markmið hátíðarinnar er að viðhalda Víkingamenningu okkar Hafnfirðinga sem á sér langa sögu en hátíðin hefur aflað sér góðs orðstírs meðal innlendra og erlendra víkinga sem fjölmenna ár hvert.

### **4. gr. Ábyrgð**

Rimmugýgur ber ábyrgð á að starfsemin fullnægi kröfum um fagmennsku og gæði. Rimmugýgur ber ábyrgð á skuldbindingum Víkingahátíðar eða aðilar á hennar vegum stofna til í tengslum við þennan samning. Rimmugýgi er óheimilt að framselja greiðslur skv. samningi þessum til þriðja aðila og setja hann með öðrum hætti til tryggingar fjárskuldbindingu.

### **5. gr. Kynningarmál**

Á öllu kynningarefni Víkingahátíðar í Hafnarfirði, jafnt innanlands sem utan, skal koma fram að Víkingahátíð sé styrkt af Hafnarfjarðarbæ og birtir Rimmugýgur merki Hafnarfjarðarbæjar í því skyni.

## **6. gr. Samskipti og eftirlit**

Ritari menningar- og ferðamálanefndar er tengiliður samningsins við Rimmugýgi. Rimmugýgur skal skila árlegri skýrslu þar sem fram kemur dagskrá, aðsóknartölur, uppgjör og lýsing á kynningarmálum til ritara MoF í síðasta lagi 10. október ár hvert.

## **7. gr. Vanefndir og meðferð ágreinings**

Telur Rimmugýgur hættu á að geta ekki uppfyllt samningsbundnar skyldur sínar skal tengilið Hafnarfjarðarbæjar tilkynnt um það skriflega án tafar. Ef ekki tekst að endurskoða verkefnaáætlun þannig að markmiðum samningsins verði náð, er heimilt að fella niður greiðslur þar til Rimmugýgur hefur sýnt fram á að það muni standa við samningsbundnar skyldur sínar samkvæmt ákvæðum samningsins, en að öðrum kosti rifta samningnum.

## **8. gr. Gildistími**

Samningur þessi er gerður í samræmi við úthlutunarreglur menningarstyrkja frá 10.01.2019. Samningurinn er gerður í tveimur samhljóma eintökum og heldur hvor aðili sínu eintaki.

## **9. gr. Staðfesting og meðferð ágreiningsmála**

Samningurinn er gerður með fyrirvara um samþykkt menningar- og ferðamálanefndar og bæjarráðs og fyrirvara um samþykki fjárhagsáætlunar hvert ár. Rísi ágreiningsmál út af samningi þessum skal það rekið fyrir Héraðsdómi Reykjaness.

Hafnarfirði 20. apríl 2022

F.h. Hafnarfjarðarbæjar

F.h. Rimmugýgjar

---

---

Vottar

---

---